# Áherslur SA í menntamálum

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Kynning fyrir ráðherra og aðila vinnumarkaðarins

@atvinnulifid
@atvinnulifid

# Leikskóli

## Vandamál

- Barneignir hafa jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð á laun kvenna.
- Eftir barneignir eru konur lengur frá vinnu en karlar. Mæður eru að jafnaði 9,5 mánuði frá vinnu og feður 2,5 mánuði ef barn fær inngöngu við 1 árs aldur. Að jafnaði er það þó við 2 ára aldur.

## Lausnir

- Leikskóli frá níu mánaða aldri til að brúa umönnunarbil og jafna stöðu kynjanna. BSRB hefur talað fyrir áþekkum sjónarmiðum.
- Sveitarfélög forgangsraði fjármunum til leikskóla þar sem þjónusta þeirra er ekki nægjanleg góð eða áreiðanleg.
- Hverfa frá stefnu um gjaldfrjálsa leikskóla enda dregur hún úr gæðum leikskólanna.

### Umönnunarbil og barnafjölskyldur

**Eftir Halldór Benjamín Þorbergsson**



Halldór Benjamín Þorbergsson

Rannsóknir sýna að barneignir hafa jákvæð áhrif á laun karla en neikvæð á laun kvenna. Lagfæra þarf þessa skekkju og styðja betur við barnafjölskyldur á vinnumarkaði. Mikilvægt er að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög búi íbúum sínum þannig aðstæður að foreldrar hafi raunverulegt val um það hvernig fjölskylduábyrgð og þátttöku foreldra í vinnumarkaði er háttað.

Í skýrslu BSRB um dagvistunarúrræði, sem kom út í maí síðastliðnum, eru áhugaverðar niðurstöður um atvinnuþátttöku foreldra í kjölfar barneigna. Þær sýna að eftir barneignir eru konur talsvert lengur frá vinnu en karlar. Mæður barna, sem fá innritun í leikskóla við 12 mánaða aldur, eru níu og hálfan mánuð frá vinnumarkaði en karlar tvo og hálfan. Börn innritast á leikskóla við 20 mánaða aldur að jafnaði.

**Jöfn tækifæri**

Á undanförnum árum hafa Samtök atvinnulífsins lagt kapp á að stuðla að jafnri stöðu kynjanna. Mikilvægur þáttur þess er aðgangur barna að leikskóla frá níu mánaða aldri. Fyrr á árinu gerði SA þetta mikla hagsmunamál foreldra að áherslumáli í tengslum við umræður um fæðingarorlof.

Lengri fjarvera kvenna en karla frá vinnumarkaði í kjölfar barneigna hefur afleiðingar fyrir starfsframa þeirra. Í samfélagi jafnra tækifæra ættu foreldrar að geta valið hvernig þau haga fjarveru frá vinnumarkaði vegna barneigna. Jafna ætti stöðu kynjanna með því að auka dagvistunarþjónustu frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólavist hefst. Það myndi stuðla að jafnari launum kynjanna, auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum og gera þeim kleift að sækja fram á fleiri sviðum.

**Grunnskóli við fimm ára aldur**

SA hafa lagt til að grunnskólaganga hefjist við fimm ára aldur. Með því skapast svigrúm til lækkunar á dagvistunaraldri sem tryggir öllum börnum dagvistun að afloknu fæðingarorlofi. Við núverandi aðstæður neyðast foreldrar oft til að taka launalaust leyfi frá störfum. Reynslan sýnir að oftar eru það konur en karlar sem taka leyfið, þær missa af tækifærum og dragast aftur úr varðandi starfsframvindu og laun. Þessi breyting skapar raunveruleg tækifæri til að jafna stöðu kynjanna. Breytingin gerir kröfu til stjórnmálamanna um að forgangsraða í fjármálum hins opinbera og krefst aðkomu bæði sveitarfélaga og ríkis.

**Foreldrar bíða í allt að tvö ár**

Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvenær börn innritast á leikskóla, þar sem börn dvelja við leik og nám fram að sex ára aldri þegar skólaskylda hefst. Þrátt fyrir að í flestum sveitarfélögum fái börn aðgang að leikskólum við 12 mánaða aldur þurfa börn í mörgum stærstu sveitarfélögunum að bíða til 24 mánaða aldurs.

» Það verður fróðlegt að sjá hvernig stjórnmálaflokkar sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga munu nálgast þennan málaflokk.

Í Reykjavík fá börn inngöngu í leikskóla tveggja ára. Það liggur í augum uppi að starfandi foreldrar búa við verri aðstöðu en þau sem fá leikskólapláss ári fyrr fyrir börnin sín. Foreldrar í Reykjavík búa þannig við mun lakari aðstæður en í öðrum sveitarfélögum.

**Er æskilegt að miða að gjaldfrjálsum leikskólum?**

Æskilegt er að stóru sveitarfélögin leggi aukinn metnað í málaflokkinn og bjóði fyrr upp á leikskólapláss. Því verður eingöngu náð fram með skynsamlegri forgangsröðun fjármuna, en tekjur sveitarfélaga hafa vaxið hratt með aukinni velmegun og hækkandi fasteignaverði sem hefur haft bein áhrif á tekjur þeirra í gegnum fasteignagjöld.

Stefna um gjaldfrjálsa leikskóla getur dregið verulega úr getu sveitarfélaga til að loka umönnunarbilinu, enda hafa leikskólarnir þar með úr minni fjármunum að spila en ella. Stefna um gjaldfrjálsan leikskóla er til þess fallin að breikka umönnunarbilið í stað þess að minnka það. Þar að auki er líklegt að fjársveltir leikskólar eigi erfitt með að laða til sín hæft starfsfólk með rétta menntun.

Það verður fróðlegt að sjá hvernig stjórnmálaflokkar sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga munu nálgast þennan málaflokk. Samtök atvinnulífsins vilja sjá skynsamlegar lausnir til að loka umönnunarbilinu. Það er hagur allra.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

# Grunnskóli

## Vandamál

- Námsárangur í PISA hefur versnað frá árinu 2000. Um 5,3% í stærðfræði, 5% í lestri og 3,6% í náttúruvísindum.
- Staða drengja er sérstakt áhyggjuefni. Um 30% 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns.

## Lausnir

- Stytta grunnskóla um eitt ár svo að 18 ára geti hafið háskólanám eða farið fyrr í iðn- og verknám eins og í samanburðarlöndum. Eykur ævitekjur allra.
- Leggja meiri áherslu á grunninn, lestur og stærðfræði. Ef hann er ekki góður mun það bitna á öllu frekara námi og lífsgæðum.
- Endurskoða lengd og áherslur í kennaranámi í því skyni að fjölga áhugasömum nemum, einkum körlum. Drengi vantar karlfyrirmyndir í skólum.
- Fimm ára kennaranám – aðsókn í námið helmingast.



# Framhaldsskóli og verk- og iðnnám

## Framhaldsskóli

- **Vandamál**: Brothvarf úr framhaldsskóla.
- **Lausn**: Stytting framhaldsskólans var rétt skref til að nýta fé betur og stuðla að minna brotthvarfi.

## Verk- og iðnnám

- **Vandamál**: Skortur á iðnmenntuðu fólki. Um 18% ungmenna fara í starfs- eða listanám eftir grunnskóla. Í mörgum löndum Evrópu er hlutfallið 50%.
- **Lausn**: Það þarf ekki meira fé í iðnnám heldur fyrst og fremst hugarfarsbreytingu meðal almennings. Skoða þarf styttra og sveigjanlegra iðnnám til að gera það áhugaverðara fyrir ungmenni og ófaglært fólk í atvinnulífinu.

## „Það er setið um góða iðnaðarmenn“

**Farið að bera nokkuð á fúskurum í viðhaldsframkvæmdum hér á landi**

Kristján H. Johannessen
khj@mbl.is

„Þessi vöntun er uppfyllt með erlendu vinnuafli,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, í samtali við Morgunblaðið, en hann segir nú verulegan skort vera á faglærðum iðnaðarmönnum hér á landi. Að sögn hans er einkum tvennt sem orsakar þetta. Annars vegar það að þeir iðnaðarmenn sem fóru utan eftir hrun, t.a.m. til Noregs, hafa snúið mjög hægt aftur og hins vegar hæg nýliðun.

„Það er e.t.v. ekkert við því að menn taki kúfinn með erlendu vinnuafli þegar mikill uppgangur á sér stað, en það er verulegur skortur á því að nægjanlega margir hafi komið inn í þessar greinar til að viðhalda þar eðlilegum fjölda,“ segir Þorbjörn. Nokkuð hefur dregið saman í mannvirkjagerð í Noregi að undanförnu. Spurður hvort það gæti ýtt við þeim íslensku iðnaðarmönnum sem þar eru svarar Þorbjörn: „Það gæti gert það, ef atvinnuástand verður gott hér á landi til lengri tíma.“

### Fúskarar valda áhyggjum

Að fá iðnaðarmenn til að sinna viðhaldsverkefnum getur einnig reynst þrautin þyngri. „Það er setið um góða iðnaðarmenn sem sinna viðhaldi á þessum tíma,“ segir Friðrik Á. Ólafsson, forstöðumaður byggingarsviðs hjá Samtökum iðnaðarins. „Það sem við höfum hins vegar miklar áhyggjur af er að það eru þarna úti ófaglærðir einstaklingar sem segjast vera iðnaðarmenn og taka að sér verk án þess að sinna þeim vel,“ segir Friðrik Á. og bætir við að svik sem þessi virðast fara heldur í aukana fremur en hitt.

Aðspurður segir hann fjölmarga hafa leitað með kvartanir til Samtaka iðnaðarins eftir að hafa keypt slíka þjónustu. „Við vitum dæmi þess að þessir menn hafi jafnvel skapað enn meiri vinnu fyrir aðra til að laga á eftir sig. Það eru í gangi kærumál gagnvart fyrirtækjum sem auglýst hafa mikið og m.a. borið bæklinga í hús til að lokka til sín viðskiptavini án þess þó að vera með faglærða menn í vinnu,“ segir Friðrik Á.

Til að komast hjá því að lenda í klóm fúskara mæla Samtök iðnaðarins með því að fólk biðji viðkomandi verktaka um að færa sönnur á það að hann hafi tilskilin réttindi. Þá segir hann einnig afar mikilvægt að aðilar geri með sér skriflegan samning um framkvæmdina.

„Við erum með sérstakan ábyrgðasjóð, þ.e. ábyrgðasjóð meistaradeildar Samtaka iðnaðarins, og ef uppi er ágreiningur um fagleg vinnubrögð og gerður hefur verið skriflegur verksamningur, þá getur verkkaupi leitað til sjóðsins um úrbætur,“ segir Friðrik Á.



Morgunblaðið/Styrmir Kári

**Framkvæmdir** Á sumrin fara flestir að huga að viðhaldi fasteigna, en erfitt getur hins vegar reynst að fá góða og vandvirka menn í verkið.

# Háskólinn

### Vandamál

- Hátt hlutfall óvirkra nema
- Fé illa nýtt. Krafa er um aukin framlög en það gæti verið mjög kostnaðarsamt að ná meðaltölum Norðurlanda og OECD.
- Fjöldi háskóla

### Lausnir

- Endurskoða fjármögnunarlíkan – t.d. taka upp inntökupróf til að fækka óvirkum nemum og nýta tíma og fé kennara og nemenda betur.
- Öll Norðurlöndin nema Ísland eru með aðgangshindranir í sína ríkisháskóla.
- Mannaflaspár mikilvægar til að beina nemendum í rétta átt.
- Norrænt námsstyrkjakerfi til að auka jöfnuð kerfisins og gera styrki gagnsærri. Búa til hvata til að ljúka námi á réttum tíma og snemma á ævinni.

**Fjöldi nýnema í Hagfræðideild Háskóla Íslands sem kláraði 1. önn**

Fyrir og eftir upptöku aðgangsprófa (2011-2015)




Heimild: Háskóli Íslands

# Hvað ungur nemur, gamall temur?

### Nám utan vinnustaðar

- Menntakerfið býr fólk undir þátttöku í atvinnulífinu.
- Vegna hraðra breytinga dugir ekki lengur að mennta sig aðeins á yngri árum.
- Breytingarnar krefjast hraðari aðlögunarhæfni starfsfólks.

### Nám á vinnustað

- Starfsferilinn er stöðug endurmenntun.
- Mikilvægt er að atvinnulífið axli ábyrgð við þær hröðu breytingar sem eiga sér stað.

### Raundæmi: **AT&T**

- AT&T sér fram á að samsetning starfa fyrirtækisins muni breytast hratt á næstu árum.
- Hafa tekið upp þá stefnu að bjóða starfsfólki, sem það kýs, að mennta sig fyrir ný störf á vegum fyrirtækisins.

# Menntaverðlaun atvinnulífsins

## Samskip

Menntafyrirtæki ársins 2014

- Stofnuðu Flutningaskóla Samskipa árið 2008 fyrir starfsmenn með litla formlega menntun.
- Samstarf við HR um diplómanám í flutningafræðum.

## Marel

Menntafyrirtæki ársins 2015

- Framleiðsluskóli Marel fyrir ófaglært starfsfólk.
- Sjónvarpstöðin Marel Live – fundum og námskeiðum sjónvarpað beint til starfsmanna.
- Kennslu og þjálfunarmiðstöðvar víða um heiminn.

## Icelandair Hotels

Menntafyrirtæki ársins 2016

- Reka Hótelklassann, fyrirtækjaskóla Icelandair Hótela.
- Helmingur nema í matvælaiðngreinum er í starfsnámi hjá Icelandair hótelum.
- Fræðsluskot í hádeginu.
- Hvetja til menntunar starfsmanna.

## Alcoa fjarðaál

Menntafyrirtæki ársins 2017

- Nýliðafræðsla.
- Starfrækja Stóriðjuskólann með Austurbrú og Verkmenntaskóla Austurlands.
- Samstarf við grunnskóla Austurlands – tvöfölduðu fjölda þeirra sem völdu tækninám að loknum grunnskóla.

SA



Kynning fyrir ráðherra og aðila vinnumarkaðarins

@atvinnulifid

@atvinnulifid

SA